



Samantekt umsagna og athugasemda við auglýsta tillögu að breytingu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032 vegna Hvannármiðlunar, 12. maí 2026

Fylgigagn með afgreiðslu breytingarinnar skv. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 12. febrúar 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, í samræmi við 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan var auglýst 30. mars 2026 með athugasemdarfresti til 11. maí 2026. Umsagnir bárust frá 5 umsagnaraðilum. Hér í töflunni er samantekt umsagna og viðbragða við athugasemdum.

Umsagnaraðili	Athugasemd / ábending	Viðbrögð við athugasemdum /ábendingum
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (4. maí 2026)	<i>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir ekki athugasemdir við breytingu á landnotkun sem slíkri. Hins vegar bendir eftirlitið á að fyrirbyggjandi tillaga tekur ekki nægjanlega skýrt mið af þeim atriðum sem varða vernd vatnshlota, lífríkis og mengunarvarnir. Sérstaklega vantar að sett séu fram skýr og bindandi ákvæði um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011, þar sem tryggt er að ekki verði um ólögmæta hnignun á ástandi vatnshlota að ræða og að umhverfismarkmið náist.</i>	Unnið er að mati á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot í samræmi við lögin í tengslum við undirbúning umsóknar um framkvæmdarleyfi. Lagfæringar: Bætt verður við greinargerð breytingar tilvísun í lögin og ákvæði um gerð áhrifamats.
	<i>Þá vantar nánari skilgreiningu á rekstrarskilyrðum miðlunarlóns, þar á meðal um lágmarksrennsli, stýringu rennslis og forvarnir gegn neikvæðum áhrifum á vatnsgæði og lífríki. Einnig er ekki fjallað með fullnægjandi hætti um</i>	Mengunarvarnir á framkvæmdatíma og rekstrarskilyrði miðlunarlóns verða til nánari umfjöllunar í framkvæmdaleyfisumsókn.

	<i>mengunarvarnir á framkvæmdatíma í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.</i> <i>Heilbrigðiseftirlit leggur því áherslu á að framangreind atriði verði tekin skýrt inn í skipulagsákvæði eða sett sem skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi og öðrum leyfum.</i>	Mælt er fyrir um vöktun áhrifa vatnsmiðlunar á rekstrartíma í aðalskipulagsbreytingunni. Framkvæmdin er einnig háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar auk framkvæmdaleyfis.
Minjastofnun Íslands (6. maí 2026)	Takk fyrir erindið Minjastofnun Íslands veitti umsögn varðandi verkefnið á lýsingarstigi sem hægt er að líta til. Minjastofnun Íslands mun ekki veita umsögn um verkefnið á kynningarstigi, en stofnunarinn áskilur sér rétt á að veita umsögn á síðari stigum. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á magnus@minjastofnun.is Úr umsögn M.Í. dags. 17. 11. 2025 um vinnslutillögu: <i>„Minjastofnun veitti umsögn um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 18.02.2022. Þar var vakin athygli á að í skýrslu framkvæmdaraðilans kæmi fram að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna framkvæmdasvæðið áður en framkvæmdir hefjast.“</i> ... <i>Í umsögninni kom fram að framkvæmdin muni fyrst og fremst hafa áhrif á staðinn þar sem stífla verður reist og á svæðið sem fer undir vatn og verður að lóni. Svæðið er nokkuð langt frá byggð og því minni líkur á að þar sé fornleifar að finna en á þeim svæðum þar sem vitað er að bústaðir manna hafa staðið í gegnum aldirnar. Minjastofnun minnti á að ef fyrirhugaðar lagfæringar á vegslóða að efnistöku að stílflugerðar valda jarðraski á svæðum sem ekki hefur verið raskað áður þarf að fá</i>	Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt mun framkvæmdasvæðið fornleifaskráð skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sbr. einnig 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019.

	fornleifafræðing til að taka þau svæði út um leið og aðal framkvæmdasvæðið.“ ... „Fornleifaskráningu skal vera lokið fyrir deiliskipulagsgerð og áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Allar greinanlegar fornleifar á skipulagssvæðinu skulu mældar upp og hnitsettar í ISN93, og umfang þeirra birt á skipulagsuppdrætti. Í greinagerð skal tilgreina skráðar fornleifar, hlutverk þeirra og tegund og mótvægisaðgerðir ef ekki er hægt að sneiða hjá fornleifum. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.“	
Umhverfis- og orkustofnun (6. maí 2026)	Leyfi Umhverfis – og orkustofnunar Áætluð stærð miðlunarlóns er 70 ha. Framkvæmdin er því háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923 þar sem fram kemur að leita skal leyfis Umhverfis- og orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu.	Lagfæringar: Bætt verður við greinargerð breytingar tilvísun í vatnalög og lög um stjórn vatnamála og ákvæði um gerð áhrifamats og leyfi UOS.
	Áhrif á vatn Fyrirhuguð stífla er í Hvanná sem tilheyrir straumvatnshlotinu Fáskrúð 2 (nr. 101-287-R). Umhverfismarkmið og ástand vatnshlota má nálgast í Vatnavefsjá. Umhverfis- og orkustofnun telur ljóst að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa bein áhrif á vatnsformfræði straumvatnshlotsins enda verður hluta þess breytt í lón. Meta þarf vistfræðilegt ástand straumvatnshlotsins og gera áhrifamat fyrir vatnshlot snemma í undirbúningsferlinu. Áhrifamatið þarf að ná yfir öll vatnshlot sem gætu orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af völdum framkvæmdarinnar. Meta þarf hvort framkvæmdin sé líkleg til að hafa áhrif á það	Unnið er að mati á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot í samræmi í tengslum við undirbúning umsóknar um framkvæmdarleyfi.

	hvort umhverfismarkmið vatnshlotsins náist, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að óheimilt er að gefa út leyfi fyrir starfsemi eða framkvæmdum ef þær valda því að umhverfismarkmið vatnshlota sé ólíkleg til að nást nema að fenginni heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laganna	
Náttúrufræðistofnun (6. maí 2026)	Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og gerir eftirfarandi athugasemdir. Náttúrufræðistofnun bendir á að fyrirhugað lónstæði er innan svæðis á B-hluta náttúruvinjaskrár sem Náttúrufræðistofnun gerði tillögu um árið 2018 vegna álþjóðlega mikilvægs varpsvæðis álfar og himbrima. Þá nýtur votlendi við ármót Hvannár og Stikukvíslar sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og fossar í Fáskrúð, Katlafossar og Skrúður, njóta einnig verndar sömu greinar, en vatnsmiðlun ofan við fossana gæti haft áhrif á þá. Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að framkvæmdaraðila verði gert skylt að setja fram áætlun um vöktun á árangri af framkvæmd og áætlun um að koma svæðinu til fyrra horfs reynist árangur ekki viðunandi.	Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar eru svohljóðandi skilmálar um vöktun: „Skilmálar Vakta skal árangur vatnsmiðlunar og setja fram vöktunaráætlun þegar sótt er um framkvæmdaleyfi.“ Lagfæringar: Bætt verður við greinargerð að svæðið sé innan B-hluta náttúruvinjaskrár vegna varpsvæðis álfar og himbrima. Og umfjöllun um sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.
Náttúruverndarstofnun (8. maí 2026)	Náttúruverndarstofnun bendir á að í greinargerð með skipulagstillögunni er ekki fjallað með fullnægjandi hætti um áhrif framkvæmdarinnar á náttúruvæðingum sem njóta sérstakrar verndar sbr. ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvæðingum í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvæðingum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun,	Í niðurstöðum Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matskyldu framkvæmdarinnar (12. apríl 2023) kom m.a. fram eftirfarandi: „Ekki eru forsendur fyrir varpi himbrima í lónstæðinu en mögulegt er að álfar verpi í votlendi sem fer undir lón. Vettvangsathuganir staðfestu álfar á svæðinu en ekki er ljóst hvort fuglinn verpi í lónstæðinu. Framkvæmdin hefur í för með sér skerðingu á tæplega 15 ha af votlendi.“ ...

	tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.	<i>Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er fuglalíf á fyrirhuguðu lónstæði fábreytt. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á fugla minni háttar.“</i> ... <i>Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæðustu áhrif framkvæmdanna í áhrifum á votlendisvistgerðir en með tilliti til umfangs teljast þau ekki umtalsverð.</i> Vatnsmiðluninni er ætlað að stýra rennsli í Fáskrúð, sem verður til þegar Kaldakvísl og Hvanná sameinast. Fyrirhugað lónstæði er á fornum lónbotni þar sem Hvanná og Stikukvísl sameinast, á Hvanneyrum. Staðurinn var metin ákjósanlegur fyrir uppistöðulón með tillit til landslags og aðstæðna. Ekki voru aðrir sambærilegir staðarvalkostir á svæðinu til að ná markmiðum framkvæmdarinnar og því aðeins metin áhrif breytingartillögunnar samanborið við núllkost eða óbreytta stefnu aðalskipulags.
	Mikilvægt fuglasvæði Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vefsja Náttúrufræðistofnunar er Laxárdalsheiði skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álfar og himbrima. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að fjallað sé um fuglasvæðið í greinargerð skipulagstillögunnar og möguleg áhrif hennar á verndargildi svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin felur í sér rask á votlendi og búsvæðum fugla innan svæðis sem hefur sérstakt verndargildi vegna fuglalífs. Þótt áhrif á einstakar	Gert er ráð fyrir vöktun. Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar eru svohljóðandi skilmálar um vöktun: „Skilmálar <i>Vakta skal árangur vatnsmiðlunar og setja fram vöktunaráætlun þegar sótt er um framkvæmdaleyfi.“</i> Í matskylduákvörðun um framkvæmdina (Skipulagsstofnun 12. apríl 2023) kom fram;

	tegundir kunni að vera staðbundin telur stofnunin mikilvægt að horfa einnig til sammögnunaráhrifa Náttúruverndarstofnunar telur mikilvægt að áfram verði fylgst með fuglalífi á svæðinu og það vaktað og áhrifum breytinga á vatnafari og votlendi á nýtingu fugla á svæðinu.	„samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er fuglalíf á fyrirhuguðu lónstæði fábreytt. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á fugla minni háttar.“ Jafnframt kom fram að framkvæmdin sé að hluta afturkræf ef mannvirkid verði fjarlægð, sbr: „Um er að ræða framkvæmdir sem eru að hluta afturkræfar. Það ætti að vera auðvelt að fjarlægja jarðvegsstíflu þannig að breytingar á vatnafari gangi til baka. Óljósara er með afturkræfni áhrifa á búsvæði sem fara undir lón en með tímanum er líklegt að þau endurheimtist að einhverju leyti.“
	Náttúruverndarstofnun ítrekar mikilvægi þess að við frekari vinnslu skipulagstillögunnar og mögulega afgreiðslu hennar verði gætt að ákvæðum laga um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og að tryggt verði að möguleg framkvæmd raski ekki verndargildi þeirra. Verði af fyrirhugaðri framkvæmd hvetur Náttúruverndarstofnun framkvæmdaraðila til þess að vinna vöktunaráætlun fyrir þau náttúrufyrirbæri sem falla undir 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Slík vöktun getur verið liður í því að tryggja að áhrif framkvæmdarinnar verði innan ásættanlegra marka og að unnt sé að grípa til viðeigandi aðgerða ef áhrif reynast meiri en áætlað var í upphafi.	Gert er ráð fyrir vöktun. Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar eru svohljóðandi skilmálar um vöktun: „Skilmálar <i>Vakta skal árangur vatnsmiðlunar og setja fram vöktunaráætlun þegar sótt er um framkvæmdaleyfi.“</i>
	Landslag og ásýnd Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að framkvæmdin verði hönnuð og útfærð með þeim hætti að rask og sjónræn áhrif	Gert er ráð fyrir að hægt verði að útfæra svo falli vel að landi.

	verði haldið í lágmarki, í samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd	Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina til matskylduákvörðunar verður stíflan hefðbundin jarðvegsstífla en með mold sem þéttikjarna og stoðfyllingu úr frostfríu efni. Notast verður við eins mikið efni af staðnum og kostur er. Hægt er að nýta núverandi námu á jörðinni og vegslóða sem liggur nú upp að framkvæmdasvæðinu. Það mun draga úr jarðraski. Miðað er við að hæsta rekstrarvatnsborð verði í 215 m hæð yfir sjávarmáli, en stíflukrónan nái 218 m.y.s.
	Óbyggð víðerni Náttúruverndarstofnun bendir á að eitt að markmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni. Náttúruverndarstofnun áréttar, í samræmi við skilgreiningar náttúruverndarlaga, að „óbyggt víðerni“ er svæði sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði í 5 km fjarlægð frá mannvirkjum, svo þar megi njóta einveru og ósnortinnar náttúru. Slík svæði eru talin verðmæt vegna fágætis, vísindagildis og þess að þau veita fólki tækifæri til að upplifa kyrrð og náttúru án truflunar. Náttúruverndarstofnun bendir á að óbyggð víðerni eru takmörkuð auðlind á lands- og alþjóðavísu. Óbyggðum víðernum á Íslandi hefur fækkað á undanförunum áratugum vegna vegagerðar, virkjanaframkvæmda og annarrar uppbyggingar. Þau teljast því takmörkuð og verðmæt auðlind sem ber að fara varlega með. Rask á víðernum er að jafnaði varanlegt, þar sem uppbygging mannvirkja og breytingar á vatnafari rjúfa samfelldni svæða og breyta ásýnd þeirra til frambúðar.	Dalabyggð vísar til stefnumörkun sína í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, kafla 5.6 <i>Óbyggð víðerni</i>.

	Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um vernd víðerna í skipulagsáætluninni.	